

## ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 35/2000  
frá 31. mars 2000

### um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 47 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 174/1999 frá 26. nóvember 1999<sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 761/1999 frá 12. apríl 1999 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2676/90 um að ákveða aðferðir bandalagsins við víngreiningu<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 806/1999 frá 16. apríl 1999 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 881/98 um nákvæmar reglur um verndun annarra hefðbundinna heita sem eru notuð á tiltekna tegundir gæðavíns sem eru framleidd í tilgreindum héruðum (gæðavín fth)<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1477/1999 frá 6. júlí 1999 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3220/90 um skilyrði fyrir notkun tiltekinnar aðferða í vínfræðum sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87<sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1592/1999 frá 20. júlí 1999 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2238/93 um fylgiskjöl vegna flutnings á vínafurðum og aðrar skrár sem þarf að halda<sup>(5)</sup> skal felld inn í samninginn.

---

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. EB L 99, 14.4.1999, bls. 4.

<sup>(3)</sup> Stjtíð. EB L 102, 17.4.1999, bls. 67.

<sup>(4)</sup> Stjtíð. EB L 171, 7.7.1999, bls. 6.

<sup>(5)</sup> Stjtíð. EB L 188, 21.7.1999, bls. 33.

## ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

### *1. gr.*

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 25. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2676/90) í 1. viðbæti við bókun 47 við samninginn:  
  
„- **399 R 0761:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 761/1999 frá 12. apríl 1999 (Stjtið. EB L 99, 14.4.1999, bls. 4).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 27. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3220/90) í 1. viðbæti við bókun 47 við samninginn:  
  
„- **399 R 1477:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1477/1999 frá 6. júlí 1999 (Stjtið. EB L 171, 7.7.1999, bls. 6).“
3. Eftirfarandi komi aftan við 42. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2238/93) í 1. viðbæti við bókun 47 við samninginn:  
  
„, eins og henni var breytt með:  
  
- **399 R 1592:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1592/1999 frá 20. júlí 1999 (Stjtið. EB L 188, 21.7.1999, bls. 33).“
4. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 42e (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 881/98) í 1. viðbæti við bókun 47 við samninginn:  
  
„- **399 R 0806:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 806/1999 frá 16. apríl 1999 (Stjtið. EB L 102, 17.4.1999, bls. 67).“

### *2. gr.*

Texti reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 761/1999, (EB) nr. 806/1999, (EB) nr. 1477/1999 og (EB) nr. 1592/1999 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 1. apríl 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 31. mars 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*F. Barbaso*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*G. Vik*

*E. Gerner*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði tilgreind.

